

Stefán Broddi Guðjónsson

Góðan dag og takk fyrir gagnleg og upplýsandi drög að orkustefnu.

Víða í drögnum er rætt um að hámarka arð þjóðarinnar eða samfélagsins af nýtingu orkuauðlindanna. Þetta er orðað með mismunandi hætti.

Eins og sérstaklega er fjallað um í 7. kafla skiptir miklu máli hvernig sá arður myndast og hvaða áhættu þjóðin, skattgreiðendur í nútíð og framtíð, ber. Þannig getur markmiðið um hámarksarð falið í sér óásættanlega áhættu fyrir þjóðina og þegar illa gengur falið í sér að þjóðin ber tímabundið verulegan kostnað af nýtingunni en fær engan arð.

Í ljósi þessa og vegna umfjöllunar í 7. kafla teldi ég gagnlegt að ætíð þegar rætt um að hámarka arð, eða eitthvað í þeim dúr, sé tiltekið að um sé að ræða tryggan arð eða rentu. Þannig myndu tvö meginmarkmið stefnunnar (bls. 8) t.d. hljóða eitthvað á þessa lund: "Þjóðin njóti öruggs arðs af sameiginlegum orkuauðlindum" og "Þjóðhagsleg framlegð verði háværkuð en jafnframt verði fjárhagslegri áhættu þjóðarinnar haldið í lágmarki."

Virðingarfyllt,

Stefán Broddi Guðjónsson

Ásbúð 73

210 Garðabær